

Ritstj. Ísólfur Gylfi Pálmason  
Sími:486-6617  
-6617 . Hs. 4863410

# Ágúst Pési

174 tbl. 14. Árgangur ágúst. 2004  
Útgefandi Hrunamannahreppur.  
E-mail pesi@fludir.is  
Ritstj. Ísólfur Gylfi Pálmason  
Sími: 480-6600

**Næsti Pési kemur út 9. sept**

**Skilafrestur á efni er til 6. sept..**

## **Frá Flúðaskóla.**

**Til starfsmanna, foreldra og nemenda.**

Þriðjudaginn 17. ágúst n.k. eiga starfsmenn að mæta til vinnu klukkan 10:00, en þá hefst fundur þar sem farið verður yfir helstu mál og skipulag starfsins framundan. Nemendur mæta síðan til skólasetningar mánudaginn **23. ágúst klukkan 08:45.**

Skólastjóri.

# FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

AÐALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík:

mánud- föstud. kl. 16.00

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

## Undirskriftarlisti vegna ADSL þjónustu

"Gegn því að skrá sig á þennan lista skuldbindur undirritaður sig til að gerast áskrifandi að ADSL þjónustu símans í 12 mánuði. Skuldbindingin mun taka gildi um leið og þjónustan er tengd hjá undirrituðum. Samningurinn er óuppsegjanlegur, en að ári liðnu verður hann uppsegjanlegur. Ekki er hægt að lækka sig um áskriftarflokk á binditíma."

Enn vantar undirskriftir. Listinn mun liggja frammi á hreppsskrifstofu fyrir þá sem áhuga hafa.

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plökkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Förðun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímappantanir í síma 566-8342*

*og 897-3741(HÍF)*

VÖNDULL ehf.-



### Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna

föstudagana

20. ágúst..3.sept

og 17.sept.

Pantið tímanlega.

Tímappantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

**Flytjandi**  
- á réttri leið

**Flytjandi**  
- á réttri leið

**FLÚDALEIÐ ehf.**

Vöruflutningar

**Ferðaáætlun**  
Alla virka daga  
Frá: VM Flytjanda  
Klettagörðum 15, kl: 15:00  
Frá Selfossi kl: 16:00  
**Pálmár: 892-2370**      **Bílstjóri: 892-2371**  
**Heimasími: 486-6685**      **Fax: 486-6693**  
**Netfang: fludal@hvippinn.is**



**Vetraropnun Íþróttahúss og sundlaugar**  
**verður auglýst í næsta Pésa**

**Rúllubinding/Pökkun**

Tek að mér rúllun og pökkun á heyi  
Gunnlaugur Magnússon  
GSM: 863-5201

**Opnunartími Bókasafns Hrunamanna**

**Frá 30. ágúst er opið.**

Mánudaga 20:00-21:00

Þriðjudaga 16:00-18:00

Miðvikudaga 16:00-18:00

Fimmtudaga 16:00-18:00

Til 30. ágúst er opið mánud kl 20:00-21:00

og miðvikudaga kl 16:00-18:00

Alltaf nýjar bækur og blöð

**Hrunamannahreppur.**

**Skrifstofan er opin,**  
**frá kl 9-12 og 13-16.**  
**Mánudaga til föstudaga**

Nánar auglýst í næsta Pésa í september, en áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Sólmund Friðriksson í síma 821-2690.

### **Dansáhugafólk athugið!**

Fyrirhugað er að bjóða upp á dansnámskeið í vetur í golfskálanum á Efra-Seli. Leiðbeinendur verða Ásta og Halldór. Nánar auglýst í næsta Pésa.

Eins og undanfarin ár birtum við í Pésanum lista yfir "skattakóna" í Hrunamannahreppi samkvæmt álagningarskrá 2004.  
Birt án ábyrgðar.

	Tekjuskattur	Útsvar
Jón Þorst.Oddleifsson	3.790.494	2.080.585 = 5.847.069
Ragnar Kr.Kristinsson	1.931.104	540.884 = 2.471.988
Hannibal Kjartansson	1.387.149	959.094 = 2.346.243
Sig.Ingi Jóhannsson	1.435.497	843.206 = 2.278.703
Ragnar Magnússon	1.268.059	804.550 = 2.072.609
Rut Guðmundsdóttir	1.078.532	708.630 = 1.787.162
Bjarni Ansnes	1.064.194	701.390 = 1.765.584
Jóhannes Sigmundsson	1.032.104	706.277 = 1.738.381
Jóhanna Vilbergsdóttir	1.050.068	674.002 = 1.684.070

### **Gítaráhugafólk takið eftir!**

Frá og með mánaðarmótunum sept. – okt. n.k. er ætlunin að bjóða upp á leiðsögn í gítarleik sem fram fer í golfskálanum á Efra-Seli.

### **Frá Flúðaskóla.**

#### **Vantar starfsfólk.**

Okkur vantar enn starfsfólk í ræstingar og stuðningsfulltrúa/skólaliða - allt hlutastörf. Nánari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 480-6611 eða GSM 891-8301  
Skólastjóri

### **Frá Útreiðartúrsnefnd Kvenfélagsins**

Okkar árlegi útreiðartúr verður farinn mánudaginn 16. ágúst.  
Mæting kl. 18:00 við hesthúsin í Torfdal.  
Farið verður að Ásatúni og áð í Snússuskála (þar verður hægt að kaupa sér veitingar). Síðan haldið heim á leið.  
Konur vanar sem óvanar, innan félags og utan,- skellið ykkur nú á hestbak.  
Nefndin

# Keramik-kastalinn ehf



**Allt fyrir keramikunnendur**  
Höfum til sölu mikið úrval af ómáluðum  
keramikvörum, penslum og litum.

## **Keramik-kastalinn ehf**

Högnastíg 56, 845 Flúðir  
Sími: 471 3899, 486 6700  
Gsm: 898 6678  
Opíð frá kl. 13-17 eða eftir  
samkomulagi

### **Fróðleikur frá fyrri tíð.**

Var að grúska í Þjóðskjalasafninu fyrir Áhugafélagið Ásæl og las þar á meðal Hreppsþætur frá 1786 – 1897. Þar var margt fróðlegt að sjá og þar á meðal tíundartafla, ómagalista, bréfa, refaveiðaskýrsla og fjallseðla rakst ég á eftirfarandi fjallseðla og reikning um kofa undir Einbúa sem fáir hafa heyrt um.

Einnig er talað um að byggja fyrir safnið í Búðarártungunni. Ef einhverjir vita eitthvað um þetta mega þeir gjarnan hafa samband. Birti meira síðar.

Esther Guðjónsdóttir Sólheimum.

Hreppsnefndarbók 1874-1885.

Fjallseðill, 27. ágúst 1877.

Þær sérstöku ákvarðanir, sem í þetta sinn eru fastsettar viðkomandi venjulegum fjallskilum og fjárleitum á komandi hausti eru þessar:

Fjalleitarnir frá Tungufelli, Jaðri, Hlíð, Fossi, Haukholtum, Skipholti, Kotlaugum og Skollagróf eiga á sínum tíma að byrja fjalleit sína til móts við Húnvetninga í Gránunesi eins og venjulegt er. En af því að við höfum vissu fyrir að fé hafi venju fremur runnið norður á bóginn, svo ekki er ætlandi til, að svo fáir menn geti leitað vel allt það svæði, þá þykir nauðsynlegt að bæta við þá leitarmenn í þetta sinn einu tjaldfélagi og eru ætlaðir til þess fjalleitarmenn frá Kópsvatni, Bryðjuholti og Reykjadalsskoti. Ber þeim öllum að annast fjalleitirnar fyrir norðan Jökulvísilina og um Jökulkrókinn, áður en þeim slær saman við hina aðra fjalleitarmenn. Eftirsafnsmenn frá bændunum í Hruna, Skrautási, Ási, Sólheimum, Galtafelli, Núpstúni, Hrepphólum og Hólakoti eiga að byrja yfirfarsferð sína laugardaginn næstan eftir réttir og er þeim ætlað að ná í skilarétt þá er haldin verður næsta laugardag þar eftir. Aðalumsjón og niðurskiptum fjalleitanna og sömuleiðis umsjón við réttirnar er falin bóndanum Brynjólfi Guðnasyni á Kaldbak og ber því öllum fjalleitarmönnum að sýna honum tregðulausa hlýðni í fjalleitum og við réttirnar. Að öðru leyti haldast sömu reglur og að undanfögnu með fjallsöfnin, réttir og smölun búfjárhaga til rétta. Við áminnum einn og sérhvern búanda sveitarinnar um að leysa fjallskilin svo vel af hendi að ekki verði átalíð ella verði þeir að bæta fjalleitir fullum bótum. Afreittarnefndin.

Fjallseðill 3. september 1881.

Viðvíkjandi fjárleitum og fjallskilum á komandi hausti auglýsist:

1. Að norðurleitarmenn verða frá öllum sömu bæjum og undanfögnin ár.
2. Að eftirsafnsmenn verða tjaldfélögin úr Unnarholtshverfi og Langholtshverfi.
3. Að fjallkóngur verður Brynjólfur Guðnason á Kaldbak.

Um annað haldast sömu reglur, sem að undanfögnu um fjallsöfnin, réttir og smölun búfjárhaga, að öðru því, að ætlast er til, að eitt tjaldfélag það sem fjallkóngur til þess nefnir, byggji fyrir safnið í Búðarártungunni, meðan á fjalleitum stendur, það sem þeir komast með það á þeim tíma.

Allir þeir em fjallskil gjöra, áminnast um að leysa þau vel af hendi og er fjallkónginum skylt að gjöra fjallmenn afturreka, ef þeir líta út fyrir að vera ekki til þess færir eða illa útbúnir, og er hverjum fjallmanni í þessu, sem öllu öðru, er viðkemur fjallskilum, skylt að sýna fjallkóngi tregðulausa hlýðni. Einnig áminnast allir viðkomendur um

að hafa nóg flólk í kringum safnið á mosunum, og eins um það, að byrja ekki að draga fé í réttunum fyrr en alrekið er inn í hvert sinn. Að endingu skal þess getið, að þó að þessi nýja fjallskilareglugjörð, sem sýslunefndin hefur samið, gjörir öllum húsmönnum og lausmönnum, sem sauðfé eiga eða hafa undir höndunum, 6 kindur eða fleiri, að skyldu að gjöra fjallskil, þá hefur hreppsnefndin í þetta sinn ekki viljað taka upp þessa reglu, að forspurðum búendum sveitarinnar.  
Afréttarnefndin.

Reikningur yfir byggingarkostnað sæluhússins undir Einbúa á Hrunamannahrepps afrétti.

1 til Jóns Brandssonar á Hrunakrök	kr. 4.00
2 - Bjarna í Tungufelli	kr. 4.00
3 - Guðjón í Hlíð	kr. 12.00
4 - Jóns í Skipholti	kr. 6.00
5 - Jóns í Snússu	<u>kr. 3.00</u>
	saman 29.00

Hrunamannahreppur 16 nóvem. 1876.

S. Magnússon J. Ingimundsson

Ofanskriðuð upphæð 29 kr. eru okkur af Oddvita Hreppsnefndarinnar í Hrunamannahreppi borgaður. S. Magnússon J. Ingimundsson

sem setti fund og stjórnaði honum. Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Í upphafi óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Því næst var gengið til dagskrár. Aðeins eitt mál var á dagskrár þessa fundar.

### **1. Gerð kjörskrár vegna forsetakosninga ársins 2004 ár grundvelli kjörskrárstofns frá Hagstofu Íslands.**

Oddviti lagði fram eftirtalin gögn:

- Bréf frá Hagstofu Íslands og Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu dags. í júní 2004 um kjör forseta Íslands 26. júní 2004. Fyrirmæli og leiðbeiningar um meðferð kjörskrárstofns.
- Kjörskrá – stofn frá Hagstofu Íslands.
- Lög og leiðbeiningar um kosningar sem útgefin er af Dóm- og kirkjumálaráðuneytinu árið 2003

Hreppsnefnd yfirlýsti gögnin. Á kjörskrá í Hrunamannahreppi fyrir forsetakosningar 2004 eru alls 460 kjósendur – 240 karlar og 220 konur. Hreppsnefnd samþykkir kjörskrána með undirritun sinni og er sveitarstjóra falið að koma gögnunum til formanns kjörstjórnar Lofts Þorsteinssonar en með honum í kjörnefnd eru: Rut Guðmundsdóttir og Guðríður S. Þórarinsdóttir, varamenn eru Jóhanna B. Ingólfssdóttir, Gunnlaugur Magnússon og Kristinn Valgeirsson. Kjörskrá verður lögð fram á skrifstofu hreppsins frá 16. júní n.k.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl 20.15.

46. fundur hreppsnefndar, mánudaginn 14. júní 2004

Árið 2004, mánudaginn 14. júní, kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman í fundarsal ráðhússins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Þorsteinn Loftsson, Unnar Gíslason og Sigurður Ingi Jóhannsson

## Margt að gerast í Hrunamannahreppi.

Sumarið hefur verið gjöfult og gott. Veðursæld hér er með afbrigðum og verða veðurmontnir rangæingar að játa sig sigraða í þeim efnum þó ég hafi alltaf ímyndað mér að besta veðrið á Suðurlandi væri á Hvolsvelli. Það er skemmtilegt að upplifa hver margir í Hrunamannahreppi hafa græna fingur og ánægjulegt að kynna svæðið fyrir fjölmörgum gestum sem hingað hafa komið. Hvort heldur er að fylgjast með þeim sem eru í trjárækt og framleiðslu trjáplantna eða hinna sem framleiða grænmeti, sem hvergi á landinu bragðast betur en hér. Nú síðast tókum við á móti norska landbúnaðarráðherranum Lars S en hann var hér í fylgdarliði Guðna Ágústssonar en þann dag sló hitinn í 30°. Enn reyna innflytjendur að merkja erlent grænmeti þannig að neytendur haldi að það sé innlent. Nýjustu dæmin eru með jarðaberin. Það er einnig kraftur í hefðbundnum landbúnaði, þrátt fyrir skakkaföll í sauðfjárræktinni. Þannig eru þrjú ný fjós í smíðum í hreppnum á Bryðjuholti hjá Þórunni og Samúel, í Birtingaholti 1 hjá Mörtu og Ragnari og í Birtingaholti 4 hjá Fjólu og Sigurði, þannig að óhætt er að segja að kraftur sé í mannskapnum. Hóteleigendur hér þau Margrét og Guðmundur eru að velta fyrir sér stækkun hótelsins og sumarhús spretta hér upp sem aldrei fyrr. Mildrit og Ragnar sveppabóndi héldu party aldarinnar þegar þau héldu uppá 20 ára afmæli Flúða sveppa og oft heyrir dægurlag Ragnars, Reykjavík, þegar kveikt er á útvarpi. Iðandi dagar voru haldnir hér um Jónsmessu og verslunarmannahelgi og tókust vel undir stjórn Sólmundar Friðrikssonar. Þá er magnaður golfvöllurinn og golfskálinn í Snússu og ekki svíkur heldur golfaðstaðan í Efra- Seli þó gárungarnir telji að alltaf þurfi manninn með þegar sveitarstjórinn er að sperrast við að leika golf til þess að laga torf sem vill fylgja sveiflunni þó að golfkúlan hreyfist lítið. Halldóra í Efra – Seli hefur leiðbeint áhugasömum golfspilurum í sumar. Verslunin Strax hefur fengið nýtt andlit og er aðstaðan í versluninni til mikilla bóta og ilminn leggur frá bakaraofninum. Valdimar Harðarson, arkitekt teiknaði anddyrið en hann hefur sjálfur reist sér glæsilegan sumarbústað hér í sveitinni og teiknað fallega bústaði sem hér eru að rísa í Götulandi. Óhætt er að segja að framþróun og talsverðar breytingar eigi sér stað hér í Hrunamannahreppi.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri

## Styrkur úr Orkusjóði.

Hitaveita Flúða fær úthlutað þremur milljónum til þess að halda áfram kortlagningu og orkurannsóknum í Hrunamannahreppi. Til eru mjög merkileg gögn frá árinu 1976 sem Kristján Sæmundsson og stúdentar á hans vegum unnu hér í Hrunamannahreppi. Þessi gögn verða uppfærð og rannsóknum á svæðinu verður haldið áfram. Þessi úthlutun kemur sér að vonum vel fyrir okkur.

## Mikil starfsemi í Kerlingafjöllum.

Það gera sér ekki allir grein fyrir því sem ekki eru staðkunnugir hér að Kerlingafjöll eru í Hrunamannahreppi. Þar er mikil starfsemi yfir sumartímenn. Oddviti, sveitarstjóri og veitustjóri heimsóttu forsvarsmenn Fannborgar í júlí s.l. Hinn kunnir íþróttagarpur Valdimar Örnólfsson og Páll Gíslason tóku vel á móti gestunum og sýndu þeim starfsemi á svæðinu. Í Kerlingafjöllum var borað eftir heitu vatni fyrir nokkrum árum, sú tilraun bar ekki þann árangur sem búist hafði verið við. Af þeim ástæðum hefur Orkusjóður gert tillögu að niðurfellingu lána vegna borunarinnar.

## Jóhannes í finu formi!

Hann er magnaður hann Jóhannes Sigmundsson í Syðra-Langholti. Á dögunum keppti hann á Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki. Það eru 52 ár síðan hann keppti fyrst á Landsmóti og hefur ávallt keppt síðan. Lengi stýrði hann starfsemi Héraðssambandsins Skarphéðins en þá varð lið Skarphéðins afar sigursælt. Á landsmótinu núna lentum við í þriðja sæti. Ætli þetta sé Íslandsmet hjá Jóhannesi?

## Emil landsliðsmaður!

Annar Hreppamaðurinn sem eldist ekki neitt er Emil blómabóndi á Laugalandi. Hann gerði sér lítið fyrir og komst í landslið öldunga og keppti á Evrópumóti golfmanna. Einhver sagði að karlinn hefði þurft að sýna nafnskríteini því enginn trúði að hann ætti að vera í öldungaflokki. Margir velta fyrir sér hvernig standi á því að karlpeningurinn hér sem teljast ellilífeyrisþegar eru svona unglegir. Kannski að Orkusjóður styrki rannsóknir á þeim?

### Hver fann upp furðubátakeppnina?

Í síðasta Pésa auglýsti ég eftir því hver hefði átt hugmyndina af furðubátakeppninni. Lítil fugl hvíslaði að mér að þetta hefðu verið Marit og Örn en hugmyndina fengu þau í Noregi. Það kemur ýmislegt gott frá Noregi ekki bara fallegar og góðar konur sem Hreppamenn hafa nælt sér í heldur líka ýmsar hugmyndir og síðir. Enda var norskri landbúnaðarráðherra stoltur af sínu fólki þegar hann heimsótti okkur á dögnum.



### Nýr sparkvöllur á skólalóð.

Talsverð umræða hefur verið um að ekki væri nægilega vel búið tækjum á skólalóð. Ákveðið hefur verið að setja upp sparkvöll á lóðinni en Knattspyrnusamband Íslands gefur gervigras á völinn. Hins vegar lendir annar kostnaður á sveitarfélaginu. Pantaðar hafa verið körfur þannig að aðstaðan á eftir að batna til muna á lóðinni.

### Skólastjóraíbúð að skólastofum.

Í sumar hefur verið unnið að breytingu á skólastjóraíbúð í Flúðaskóla í kennslustofur. Guðmundur Magnússon og Víðir Magnússon hafa unnið verkið. Þessar framkvæmdir bæta til muna aðstöðu í skólanum. Nú vona menn bara að samningar náist í kjarabaráttu kennara við Launanevnd sveitarfélaga en kennarar hafa boðað verkfall 20 september.

### Hvers vegna fá vegaskiltin ekki að vera í friði?

Eitt af því sem fer fyrir brjóstið bæði á heimamönnum og gestum sem koma í hreppinn okkar er að vegaskilti og vegamerkingar fá ekki að vera í friði. Þannig hafa einhverjir gert sér að leik að fjarlægja þessar merkingar eða eyðileggja. Alvarlegt er þegar t.d. stöðvunarmerki eru fjarlægð. Til stendur að endurnýja merkingar hér sem vonandi fá að vera í friði því vissulega liggur mikill kostnaður í merkingum auk þess sem mjög ómenningarlegt er að geta ekki merkt helstu leiðir og götur hér um slóðir.

# Hárstofan Feima

Ásholti 2 Reykjavík  
(Rétt fyrir ofan Hlemm)

s. 552-1375



**Allir Hrunamenn sérstaklega  
velkomnir**



**Klippi á Flúðum**  
**4. og 18. sept. og 3.**  
**okt.**

*Unnur Rán*  
*Reynisdóttir*

hársnyrtisveinn



